

sikkens



Alphacryl Perlino Mött baðherbergjamálning

Efnislýsing

Alphacryl Perlino er mött, vatnsþynnanleg akrýlmálning, ætluð til notkunar innanhúss, t.d. í baðherbergi og eldhús. Hún hefur gott rispuþol, er slitsterk og breytist ekki við þvott eins og algengt er með matta málningu. Hún hefur langan opinn tíma, er auðveld að mála með og þornar hratt. Málningin hefur einstaka einangrunareiginleika og kemur í veg fyrir að erfiðir blettir, (nikótín, kvistir, sót o.s.frv.) nái að blæða í gegn. Nota má málninguna sem grunn undir sjálfa sig. Alphacryl Perlino er teygjanleg og hleypir út raka, sem gerir hana hentuga fyrir rými með háu rakastigi, s.s. baðherbergi, eldhús og þvottahús. Þessi málning hentar ekki í sturtuklefa.

Alphacryl Perlino er ætluð til notkunar á steipta veggj, þússaða sem óþússaða, gífsveggi, byggingarplötur o.fl.

Meðhöndlun

Nýmálun

1. Spartlið flötinn ef þörf krefur.
2. Hreinsið laust spartl, gífsleifar og ryk. Tryggið að flöturinn sé laus við olíu, fitu og önnur óhreinindi.
3. Grunnið eina umferð, t.d. með Professional Microdispers, Perform+ Bathroom Primer eða Rubbol BL Uniprimer.
4. Málið tvær umferðir af Alphacryl Perlino.

Endurmálun

1. Tryggið að flöturinn sé laus við olíu, fitu og önnur óhreinindi. Óhreina málaða fleti skal þvo með Original Málartvätt.
2. Spartlið flötinn ef þörf krefur. Blettgrunnið spartlaða fleti með Professional Microdispers eða Perform+ Bathroom Primer.
3. Gljáandi fleti skal slípa matta og grunna með Original Häftgrund eða Rubbol BL Uniprimer til að tryggja góða viðloðun.
4. Málið eina til tvær umferðir af Alphacryl Perlino.

Ef einangra þarf vatnsþynnanlega bletti skal mála tvær umferðir af óþynntu efninu og láta 24 klst. líða á milli umferða. Ef koma fram taumar eða blettir eftir bleytu skal strjúka yfir með rakri tusku.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Akrýl

Gljástig: Matt (6 GU við 60°)

Hiti við málun: 10-30°C

Rakastig: Mest 80%

Purrefni: Um 60% af vigt, 45% af rúmmáli

Þéttleiki: Hvítt: Um 1,37 kg/dm³

Þornun við 20°C og 65% raka: Snertþurrft eftir um 1 klst. Yfirmálun eftir 6 klst. - en eftir um 24 klst. ef nauðsynlegt er að einangra vatnsþynnanlega bletti

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, sprautur (airless)

Sprautun: Mælt er með HEA Pro spíss (Wagner) eða FF LP spíss (Graco), op 0,017 tommur

Þekja: 9-11 m²/l (veltur á undirlagi og aðferð við málun)

Þvottheldni: 1. Flokkur DIN EN 13300

Litur: Allir

Umbúðir: 1, 2,5 og 10 l

Hreinsun: Vatn

Geymsla: Í þurru, frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC): EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/a) 30 g/l (2010). Alphacryl Perlino inniheldur mest 1 g/l

Umhverfi

Má nota á svæðum þar sem matvæli eru tilbúin, meðhöndluð og unnin í samræmi við HACCP meginreglur eða reglugerð EB um matvælaheilbrigði

Varan er vottuð af Evrópublóminu, sem er umhverfismerki Evrópusambandsins
Varan er í samræmi við **BREEM HEA 9**



SÉREFNI

Dalvegur 32b, 201 Kópavogur, Iceland | sími 517 0404 | serefni.is